Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 25. nóvember 2024
2001382/211.01 ÁFJ

Efni: Könnun vegna vetrarleyfa í grunnskólum 2024

Mánudaginn 28. október 2024 var send út könnun vegna vetrarleyfa í grunnskólum Kópavogs til allra foreldra og var könnunin opin til miðnættis föstudaginn 8. nóvember.

Könnunin samanstóð af tveimur spurningum:


1. Grunnskóli sem barnið mitt/börnin mín er/u í
2. Hvaða fyrirkomulag á vetrarleyfum myndir þú kjósa?
   Valið var á milli eftirfarandi möguleika:

- ○ Óbreytt - 2 dagar á haustönn - 2 dagar á vorönn
- ○ 4 dagar á haustönn - enginn á vorönn
- ○ Enginn dagur á haustönn - 4 dagar á vorönn
- ○ 3 dagar á haustönn - 2 dagar á vorönn
- ○ 2 dagar á haustönn - 3 dagar á vorönn
- ○ 5 dagar á haustönn - enginn dagur á vorönn
- ○ Enginn dagur á haustönn - 5 dagar á vorönn

Alls svöruðu 2310 foreldrar könnuninni á eftirfarandi hátt:


1. Grunnskóli sem barnið mitt er í / börnin mín eru í

Álfhólsskóli	222
Hörðuvallaskóli	328
Kársnesskóli	268
Kópavogsskóli	162
Kóraskóli	143
Lindaskóli	243
Salaskóli	240
Smáraskóli	228
Snælandsskóli	200
Vatnsendaskóli	276



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026


2. Hvaða fyrirkomulag á vetrarleyfum myndir þú kjósa?



Af þessum 2310 foreldrum eru langflestir eða 880 sem velja óbreytt fyrirkomulag, 2 daga á haustönn og 2 daga á vorönn. Þar á eftir voru 419 sem völdu engan dag á haustönn og 5 daga á vorönn. Aðrir valmöguleikar voru minna valdir eins og sjá má á grafinu hér að ofan.

Á sama tíma var sambærileg könnun send til starfsfólks skólanna og var hún opin á sama tíma. Þátttaka þar var alls 427 svör sem skiptust á milli skóla með eftirfarandi hætti:


1. Starfsstaður:



Sá valkostur sem flestir völdu var 3 dagar á haustönn og 2 á vorönn en það voru 129 sem völdu þann valkost. Næstflestir, eða 78 völdu valkostinn 2 dagar á haustönn – 3 dagar á vorönn. Næst á eftir voru engir dagar á haustönn – 5 dagar á vorönn en 77 völdu þann valkost. Alls voru 72 starfsmenn sem völdu kostinn að hafa vetrarfrí með óbreyttum hætti en aðrir valkostir voru minna valdir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

2. Hvaða fyrirkomulag á vetrarleyfum myndir þú kjósa?



Í skólunum virðist vera áhugi fyrir því meðal starfsfólks og stjórnenda að samræma vetrarfrí við fyrirkomulagið í Reykjavík. Á næsta skólaári verða vetrarfrí þar dagana 24.-28. október (föstudagur-þriðjudags) og 19.-20. febrúar (fimmtudagur-föstudags).

Menntasvið gerir tillögu um óbreytt fyrirkomulag hvað varðar fjölda og fyrirkomulag vetrarfrísdaga og skólastjórar leggja til að vetrarfrí 2025-2026 verði dagana 27.-28. október og 19.-20. febrúar. Lagt er til að skólasetning verði 25. ágúst og samræmdir skipulagsdagar leik- og grunnskóla verði 12. nóvember, 10. mars og 15. maí.

Virðingarfyllst,

_____

Ágúst Frímann Jakobsson
Deildarstjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026